

Sp.

381. Tillaga til þingsályktunar

[219. mál]

um ráðstafanir til þess að tryggja í landinu varaforða sáðkorns til nota í kalárum.

Flm.: Steinhólr Gestsson, Pálmi Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera nú þegar ráðstafanir til, að Innkaupastofnun ríkisins, í samvinnu við sáðvöruinnflytjendur, flytji inn og hafi á boðstólum í vor umtalsvert magn af sáðkorni umfram venjuleg ársnot, sem gripa mætti til fyrirvaralaust til grænfóðurræktar, ef í gróandanum kæmi fram kal í tünnum, sem hugsanlega getur orðið eftir hinn óvenjulanga svellavetur og leitt til fódurvöntunar, ef ekkert er að gert.

Við ákvörðun magns og tegunda sáðvaranna skal innflytjandi hafa samráð við Búnaðarfélag Íslands og Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

Greinargerð.

Eins og tíðarfari hefur verið háttað það sem af er vetri, er hætt við, að klaki í jörðu sé nú meiri en oft áður um þetta leyti árs. Hitastig hefur frá haustnóttum verið óvenjulágt og svellalög því með meira móti, svo að ekki sé meira sagt. Af þessum sökum eru bændur uggandi um sprettuhorfur á komandi vori og óttast hinn gamla vágést túnanna — kalið.

Ekki verður á þessum árstíma neinu spáð um tíðarfar í vor né um grassprettu næsta sumar. Ráðstafanir, sem gætu komið í veg fyrir kal, er ekki unnt að gera. En ef svo illa færi, að um stórfellt kal yrði að ræða, svo að leiddi til verulegs uppskerubrests, er hætt við, að margur bóndinn þyrfti að fækka í fóðrum, svo að um munaði, því að valt er að treysta á stóraukinn innflutning kjaranfóðurs til úrbóta í slíku falli, enda verðlag þess óhagstætt og hækkandi.

Kalskemmdir í tünnum verða oft ekki séðar, svo að öruggt sé, fyrr en liðið er langt á vor. Bændur þurfa því að geta gripið til skyndiúræða, ef bæta á upp grasbrest á sama ári og kalið herjar. Þar kemur vart til greina annað ráð en ræktun græn fóðurs og þá fyrst og fremst byggs og hafra. Það mundi því vera skynsamleg öryggisráðstöfun að hafa jafnan til í landinu verulegt magn sáðkorns umfram venjulega ársþörf, sem gripa mætti til fyrirvaralaust, ef auka þarf græn- fóðurræktun af skyndingu í slíkum neyðartilfellum.

Það mun láta nærri, að þörf bænda hafi hin síðari ár verið um 300 tonn af sáðkorni eða jafngildi þess. Varabirgðir, sem tillaga þessi tekur til, mætti áætla lauslega einhvers staðar á bilinu 300—500 tonn. Ef til vill mætti draga úr áhættu af geymslu þess og fjármagnskostnaði með því að flytja inn í þessu skyni fódurkorn, sem yrði þá malað og selt til fódurs, þegar séð verður, hvort þörf er fyrir það í ræktunina eða ekki.

Hér er um svo mikla birgðaaukningu að ræða, að naumast er hægt að gera þá kröfu til frænnflytjenda, að þeir festi fé í svo miklu magni. Hér er um hagsmuna- og öryggismál að ræða, sem má heita sameiginlegt landsmönnum öllum. Það er því eðlilegt, að ríkisvaldið hafi um þetta forgöngu og beiti til þess Innkaupastofnun ríkisins, sem hefur að undanfögnu haft með höndum útvegum sáðkorns fyrir græn fóðurverksmiðjur ríkisins í samvinnu við innflytjendur sáðvara.

Nú er svo áliðið vetrar, að hið fyrsta þarf að koma á framfæri sáðkornspöntunum erlendis, svo að það komi að notum í vor. Afgreiðsla þessa máls má því ekki dragast úr hömlu, svo mikið er í húfi, að öryggis sé gætt í þessu efni. Og rétt er, að sú lausn, sem upp verði tekin við þessa tillögu, geti orðið árleg trygging í framtíðinni, en ekki bundin einvörðungu við árið í ár.